



7. fundur stjórnar SSA 5. mars 2018

Fundurinn hófst kl. 12:30 í húsnæði Austurbrúar að Vonarlandi, Tjarnarbraut Egilsstöðum.

Boðið var upp á léttan hádegisverð í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir Stefán Grímur Rafnsson, Sigrún Blöndal, Jens Garðar Helgason, Andrés Skúlason auk Jakobs Sigurðssonar varamanns Margrétar Guðjónsdóttur. Eydís Ásbjörnsdóttir var með í síma. Hákon Hansson boðaði forföll.

Sigrún Blöndal formaður stýrði fundi. Hún setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og samgöngunefndar SSA frá 22. febrúar til kynningar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SASS (nr. 529), SSV (nr. 135), SSNV (nr. 25.), SSS (728) og SSH (454).
- 1.3. Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. feb. 2018.
- 1.4. Fundargerð 83. fundar stjórnar Austurbrúar frá 30. janúar 2018..

2. Almenningsamgöngur

- 2.1. Fundargerð 16. og 17. fundar stjórnar SvAust
- 2.2. SvAust ehf; næstu skref

3. Samráðsvettvangur 2018

4. Áhersluverkefni 2018

- 4.1. Starfamesa
- 4.2. Jóna Árný Þórðardóttir og María Hjálmarsdóttir segja frá áhersluverkefnunum Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar og Áfangastaðurinn Austurlands.
- 4.3. Áhersluverkefni 2018: farið yfir hugmyndir og tillögur.

5. Innri málefni SSA

- 5.1. Fundur með fulltrúum samgönguráðs og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

6. Önnur mál.

Kl. 15 hefst sameiginlegur fundur stjórna SSA og Austurbrúar.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 6. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og undirritunar. Fundargerð 2. fundar samgöngunefndar SSA frá 22. febrúar lögð fram til kynningar. Umræður voru um lið 2 í fundargerðinni og voru ýmis sjónarmið rædd. Stjórn telur ekki tímabært að samþykkja lið 2 í fundargerðinni en felur formanni að ræða hann frekar á næsta fundi samgöngunefndar.

- 1.2 Fundargerðir stjórnar SASS (nr. 529), SSV (nr. 135), SSNV (nr. 25.), SSS (728) og SSH (454) voru lagðar fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. feb. 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerð 83. fundar stjórnar Austurbrúar frá 30. janúar 2018 var lögð fram til kynningar.

2. Almenningsamgöngur

- 2.1 Fundargerðir 16. og 17. fundar stjórnar SvAust voru lagðar fram til kynningar.
- 2.2 SvAust ehf; næstu skref. Sigrún Blöndal sagði frá áætlunum um næstu skref.

3. Samráðsvettvangur 2018.

- 3.1 Rætt var um fyrirkomulag samráðsvettvangs vegna Sóknaráætlunar 2018. Fyrirhuguð dagsetning er 10. apríl og staður Egilsstaðaskóli. Formanni og verkefnastjóra var falið að annast undirbúning.

4. Áhersluverkefni 2018

- 4.1 Starfamessa. Formaður og verkefnastjóri sögðu frá hugsanlegu áhersluverkefni sem er kynning á atvinnulífi og starfsframboði á Austurlandi. Verkefnið yrði í höndum samtakanna Ungt Austurland ef af verður.
- 4.2 Jóna Árný Þórðardóttir og María Hjálmarsdóttir sögðu frá áhersluverkefnunum Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar og Áfangastaðurinn Austurlands og stöðu þeirra. Auk þess sagði Signý Ormarsdóttir frá menningarstarfinu.
- 4.3 Áhersluverkefni 2018: farið var yfir hugmyndir og tillögur. Verkefnastjóri og formaður munu vinna drög að verkefnum og senda á stjórnarmenn.

5. Innri málefni SSA

- 5.1 Fundur með fulltrúum samgönguráðs og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Formaður sagði frá væntanlegum fundi sem haldinn verður fimmtudaginn 8. mars. Til hans var boðað af samgönguráði sem vill hitta kjörna fulltrúa til ráðgerða um samgöngumál. Stjórn SSA ásamt formanni og varaformanni samgöngunefndar munu mæta á fundinn auk fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga fulltrúa innan þess hóps.

6. Önnur mál.

- 6.1 Formaður segir frá samningi SSA og Austurbrúar sem mun gilda árið 2018.

Fundi var framhaldið með stjórn Austurbrúar.

Fundi slitið kl. 16.

Andrés Skúlason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Jakob Sigurðsson

Jens Garðar Helgason



Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson